Bæjarstjórn Hafnarfjarðabæjar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 12. júní 2002.

F.h. Hafdísar Hafliðadóttur skipulagsstjóra,

Anna M. Tómasdóttir arkitekt.

12. júní 2002 Nr. 441

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 - 2016, Bleikjukvísl nr. 10.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 12. júní 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 frá 18. ágúst 1997.

Breytingin varðar Bleikjukvísl 10 þar sem svæði sem nú er skilgreint sem útivistarsvæði til sérstakra nota breytist í stofnanasvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkurborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 12. júní 2002.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

25. júní 2002 Nr. 442

GJALDSKRÁ

vegna útgáfu hestavegabréfa fyrir útflutningshross.

1. gr.

Gjald vegna hestavegabréfs fyrir hross með A-vottun á ætterni:	kr. 3.900
Gjald vegna hestavegabréfs fyrir önnur hross:	kr. 4.600

2. gr.

Gögn vegna útgáfu hestavegabréfa skulu hafa borist skrifstofu Bændasamtaka Íslands eigi síðar en þremur virkum dögum fyrir útflutning.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2002 um útflutning hrossa og öðlast gildi 1. júlí 2002.

Landbúnaðarráðuneytinu, 25. júní 2002.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.